




Reglur um frádrátt vaxta:
Þunn eiginfjármögnun o.fl.

Símon Þór Jónsson

Skattadagur 10. janúar 2012



Efni erindis

- 1) Meginreglur um frádrátt vaxtagjalda frá tekjum.
- 2) Nánar um takmarkanir á frádrætti vaxtagjalda.
- 3) Málarekstur RSK gegn skuldsettum yfirtökum og öfugum samrunum - frádrætti vaxtagjalda yfirtekinna lána hafnað.

1) Meginreglur um frádrátt vaxtagjalda frá tekjum

1. Rekstraraðilum er almennt heimilt að draga vaxtagjöld frá tekjum.

2. Skilyrði að vaxtagjöldin séu tengd tekjuöfluninni, sbr. 31. gr. tskl.:

- „*Rekstrarkostnað, þ.e. þau gjöld sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal... .., vexti af skuldum...*“.

3. Hvað felst í tengingunni? Núgildandi orðalag 31. gr. tskl. kom fyrst fram í lögum nr. 40/1978 sem tóku við af lögum nr. 68/1971. Þar er ákvæðið orðað svo:

- „*Rekstrarkostnað, þ.e. þau gjöld, sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal vexti af skuldum, er beinlínis stafa af atvinnu.....*“

➤ **Tenging vaxtagjalda við tekjur þarf í mesta lagi að vera óbein eða afleidd.**

2) Nánar um takmarkanir á frádrætti vaxtagjalda

- a) Reglur um takmörkuð tengsl við tekjur („tengslaregla“) – á Íslandi 31. tskl.
- b) Millverðlagsreglur – á Íslandi armslengdarregla 1. mgr. 57. gr. tskl.
- c) Skattasniðgöngureglur – á Íslandi raunveruleikaregla 1. mgr. 57. gr. tskl.
- d) Hlutabréfasöluhagnaðarregla – á Íslandi frumvarp sem var ekki samþykkt.
- e) Skuldsett yfirtaka og ógreiddar arðgreiðslur – á Ísl. frumv. sem ekki samþ.
- f) Reglur um þunna eiginfjármögnun – ekki á Íslandi.
- g) Reglur um hlutfall vaxta af hagnaði – ekki á Íslandi.



2) Nánar um takmarkanir á frádrætti vaxtagjalda

b-c) Almennt um 1. mgr. 57. gr. tskl.

Efni 1. mgr. 57. gr. tskl. sem felur í sér armslengdarreglu og raunveruleikareglu:

- „Ef skattaðilar semja um skipti sín í fjármálum á hátt sem er verulega frábrugðinn því sem almennt gerist í slíkum viðskiptum skulu verðmæti, sem án slíkra samninga hefðu runnið til annars skattaðilans en gera það ekki vegna samningsins, teljast honum til tekna.“

Skilyrði þess að RSK geti beitt 1. mgr. 57. gr.:

1. Hagsmunasamband þarf að vera til staðar.
2. Efni ráðstöfunnar þarf að vera óvenjulegt í samanburði við eðlilega ráðstöfun af markaðslegum toga.
3. (2) þarf að vera afleiðing af (1).

Beitt sem armslengdarreglu -> skilmálaleiðrétting.

Beitt sem skattasniðgöngu- eða raunveruleikareglu -> ráðstafanaleiðrétting

- Skattasniðganga skilyrði.

2) Nánar um takmarkanir á frádrætti vaxtagjalda

b-c) 1. mgr. 57. gr. tskl. beitt sem raunveruleikareglu

Úrskurður YSKN 24. september 2003 (mál nr. 263/2003) – Suður-afrískir randar (ZAR):

- A hf. og erlent félag F Ltd. (Guernsey) í eigu sömu aðila. A hf. gaf út skuldabréf til F Ltd. sem voru að nafnverði 7.000 milljónir kr. (voru í suður-afrískum röndum, ZAR), vaxtalaus, óverðtryggð, án veðs eða ábyrgðar og sem bar að greiða í einu lagi 30 árum eftir útgáfudag. F Ltd. greiddi 50 milljónir kr. fyrir skuldabréfin, þannig að afföllin voru 6.950 milljónir kr. A hf. gjaldfærði í skattskilum sínum árlega 230 milljónir kr. í afföll af skuldabréfunum.

Niðurstaða YSKN:

1. Veruleg og ófyrirsjáanleg skuldsetning til langs tíma.
2. Ekki fjáröflun í ljósi eignatengsla félaganna og þar sem ekki varð annað séð en að fjármagnið væri alfarið runnið frá eigendum A hf.
3. Viðskiptin voru talin verul. frábrugðin því sem alm. gerðist, einkum m.t.t. stærðar/umsvifa/eðlis rekstrar.
4. Ekki voru talin efni til að hrófla við áætlun skattstjóra á frádráttarbærum fjármagnskostnaði (vaxtagj.).

2) Nánar um takmarkanir á frádrætti vaxtagjalda

b-c) 1. mgr. 57. gr. tskl. beitt sem raunveruleikareglu

Hæstaréttardómur 9. febrúar 2006 (mál nr. 321/2005) – Sundagarðar hf:

- Hluthafar í S hf. tengdust allir fjölskylduböndum. Hluthafafundur ákvað að hækka með jöfnunarhlutum og síðan lækka aftur hlutafé í félaginu. Stjórnin ákvað að lækkunarfjárhæðin yrði greidd hluthöfunum með útgáfu skuldabréfa, sem voru vaxta- og afborgunarlaus til 12 ára. S hf. gjaldfærði í skattskilum sínum árleg afföll af skuldabréfunum.
- Niðurstaða Hæstaréttar:
 1. Ráðstöfun að greiða lækkun hlutafjárins með skuldabr. verul. frábrugðin.
 2. Tilgangurinn fyrst og fremst skattalegur ávinningur.
 3. Skattstjóra hefði verið heimilt að skerast í leikinn á grundvelli 1. mgr. 57. gr.



2) Nánar um takmarkanir á frádrætti vaxtagjalda

d) Hlutabréfasöluhagnaðarregla – á Íslandi frumvarp

Frumvarpsákvæðið (í þingskjali 508, á 135. löggjafarþingi):

- „**Rekstrarkostnað sem gengur til öflunar**, viðhalds eða tryggingar á tekjum **[hlutabréfasöluhagnaðar]** sem eru frádráttarbærar samkvæmt þessum tölulið er **ekki heimilt að draga frá öðrum tekjum**. Varði kostnaðurinn tekjur sem ýmist eru skattskyldar eða frádráttarbærar samkvæmt framangreindu skal skipta kostnaðinum í réttu hlutfalli við tekjurnar.“

Efnahags- og skattanefnd lagði til að ákvæðið yrði **ekki samþykkt (sem varð raunin)**.

Um þetta sagði í nefndarálitinu:

- „Við umfjöllun nefndarinnar komu fram ábendingar um að regla frumvarpsins um frádráttarbærni kostnaðar vegna söluhagnaðar væri óskýr. Óljóst væri hvaða kostnaður félli þar undir og álitamál hvort sú tilhögun að fela ráðherra að útfæra það nánar stæðist stjórnarskrá.“
- „Meiri hlutinn telur að óbreyttu að ákvæðið geti valdið vandkvæðum í skattframkvæmd þar sem **erfitt getur reynst að greina kostnað vegna söluhagnaðar frá öðrum kostnaði** á söluári, til að mynda kostnað vegna arðgreiðslna.“

2) Nánar um takmarkanir á frádrætti vaxtagjalda

e) Skuldsett yfirtaka og ógreiddar arðgreiðslur – á Íslandi frumvarp

Frumvarpsákvæðið (í þingskjali 292 á 138. löggjafarþingi):

- *[Telst ekki til rekstrarkostnaðar] „Vaxtagjöld af skuldum sem færast yfir við samruna þegar um er að ræða vexti af lánum í kjölfar þess að eignarhalds- eða fjárfestingarfélag kaupir meiri hluta hlutafjár í öðru félagi. Sama á við um vaxtagjöld af lánum sem tekin eru vegna arðgreiðslna.“*

Skuldsettar yfirtökur með eftirfarandi samruna:

- **Skilgreining:** Aðili stofnar skuldsett félag A sem kaupir félag B, en B er látið greiða kaupverðið með því að yfirtaka A, og þar með skuldir þess, við öfugan samruna.
- **Íslenska raunveruleikareglan = sérstakar reglur um skuldsettar yfirtökur og öfuga samruna?**

Ógreiddar arðgreiðslur:

- **Skilgreining:** Hluthafar fá ekki greiddan arð, sem hluthafafundur hefur þó tekið löglega ákvörðun um að úthluta, heldur lána hluthafarnir arðinn strax aftur til félagsins (að frádregnum fjármagnstekjuskatti).
- Sjá t.d. úrskurð YSKN 13. febrúar 2008 (mál nr. 17/2008).

2) Nánar um takmarkanir á frádrætti vaxtagjalda

f) Reglur um þunna eiginfjármögnun – ekki á Íslandi

Hugtakið þunn eiginfjármögnun (einnig verið nefnd mögur eiginfjármögnun).

Mörg ríki sett reglur um þunna eiginfjármögnun – ekki Ísland.

1. Skuldahlutfallsaðferð – skuldir / eigið fé.

2. Hlutföll frá 1:1 (50% skuldir) upp í 8:1 (89% skuldir).

3. Ýmsar útfærslur:

- Mismikið vægi skulda, skuldir við einstaklinga undanskildar.
- Save-harbor regla.
- Skuldir undir ákv. heildarfjárhæð stundum undanþegnar hlutfallsreglu.

Íslenska raunveruleikareglan = sérstakar reglur um þunna eiginfjármögnun?

2) Nánar um takmarkanir á frádrætti vaxtagjalda

g) Reglur um hlutfall vaxta af hagnaði – ekki á Íslandi

Reglur um hlutfall skulda af hagnaði:

- **Skilgreining:** Hlutfall vaxta af hagnaði, þar sem hagnaður er án vaxtagj., fyrn. og skatta (EBITDA).
- Oft miðað við 30% hlutfall.

Ekki verið sett ákvæði í þessa veru á Íslandi.

Íslenska raunveruleikareglan = sérstakar reglur um hlutfall vaxta af hagnaði?



2) Nánar um takmarkanir á frádrætti vaxtagjalda

h) Samantekt um takmörkun á vaxtafrádrætti í íslenskri skattalöggjöf

Hef lýst því álitu að tengsl vaxtagjalda við tekjur þurfi í mesta lagi að vera óbein eða afleidd:

- Sbr. þá breytingu sem varð á orðalaginu sem er í 31. gr. tskl. frá lögum nr. 68/1971 til laga nr. 40/1978.
- Sbr. þá hugsun sem bjó að bak við breytinguna – að skera á tengslin.

Hef sett ákveðið spurningamerki við áhrif íslensku raunveruleikareglunnar:

1. Íslenska raunveruleikareglan = sérstakar reglur um skuldsettar yfirtökur og öfuga samruna?
2. Íslenska raunveruleikareglan = sérstakar reglur um þunna eiginfjármögnun?
3. Íslenska raunveruleikareglan = sérstakar reglur um hlutfall vaxta af hagnaði?

NIÐURSTAÐAN:

Í ÍSLENSKRI SKATTALÖGGJÖF ERU ÓLJÓRAR OG ÓSKÝRAR HEIMILDIR TIL AÐ TAKMARKA FRÁDRÁTT VAXTA REKSTRARAÐILA Í SKATTSKILUM.

3) Málarekstur RSK gegn skuldsettum yfirtökum og öfugum samrunum

Frádrætti vaxtagjalda yfirtekinna lána hafnað

Atvik mála:

1. Fyrri eigendur keyptir út af nýjum
2. Eigendur kaupi af sjálfum sér.

Lagagrundvöllur RSK:

1. „Tengslareglan“ (31. gr.) og raunveruleikareglan (1. mgr. 57. gr.)
2. „Tengslareglan“ (31. gr.).

Vaxtafrádráttur heimill eða ekki? Nokkur mikilvæg atriði:

- i. Ákveðin tengsl á milli skuldsettrar yfirtöku og eftirfarandi samruna – hægt að líta heildstætt á.
- ii. Ákveðin skuldsetning eignarhaldsfélags og sameinaðs félags.
- iii. Óljósar og óskýrar heimildir í íslenskri skattalöggjöf til að takmarka vaxtafrádrátt.**

Deloitte.

“Deloitte” is the brand under which tens of thousands of dedicated professionals in independent firms throughout the world collaborate to provide audit, consulting, financial advisory, risk management, and tax services to selected clients. These firms are members of Deloitte Touche Tohmatsu Limited (DTTL), a UK private company limited by guarantee. Each member firm provides services in a particular geographic area and is subject to the laws and professional regulations of the particular country or countries in which it operates. DTTL does not itself provide services to clients. DTTL and each DTTL member firm are separate and distinct legal entities, which cannot obligate each other. DTTL and each DTTL member firm are liable only for their own acts or omissions and not those of each other. Each DTTL member firm is structured differently in accordance with national laws, regulations, customary practice, and other factors, and may secure the provision of professional services in its territory through subsidiaries, affiliates, and/or other entities.

Deloitte provides audit, tax, consulting, and financial advisory services to public and private clients spanning multiple industries. With a globally connected network of member firms in more than 150 countries, Deloitte brings world-class capabilities and deep local expertise to help clients succeed wherever they operate. Deloitte's approximately 182,000 professionals are committed to becoming the standard of excellence.

This publication contains general information only, and none of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, its member firms, or their related entities (collectively, the “Deloitte Network”) is, by means of this publication, rendering professional advice or services. Before making any decision or taking any action that may affect your finances or your business, you should consult a qualified professional adviser. No entity in the Deloitte Network shall be responsible for any loss whatsoever sustained by any person who relies on this publication.